



Frumkvöðlar Félagsmálaráðherra Árni Páll Arnason ásamt frumkvæðisverðlaunahöfum Geðhjálpar árið 2009.

Frumkvæðisverðlaun Geðhjálpar veitt

Á föstudag sl. átti félagið Geðhjálp 30 ára afmæli og af því tilefni afhenti stjórn Geðhjálpar frumkvæðisverðlaun félagsins í fyrsta sinn. Verðlaunin voru veitt fyrir nýjungar í þjónustu við geðsjúka og úrræði til þess fallin að efla geðheilsu. Að þessu sinni runnu verðlaunin til þriggja aðila. Norðlingaskóli í Reykjavík fékk verðlaunin fyrir framúrskarandi forvarnarstarf með einstaklingsmiðuðu námi sem miðar að því að styðja nemendur í að finna og nýta og hæfileika sem best. Björgin – Geðræktarmiðstöð Suðurnesja

hlaut verðlaunin fyrir að sinna með framsýnum hætti valdeflingu geðfatlaða og fyrir að hjálpa fólki að finna leiðir til að auka lífsgæði sín.

Jóna Rut Guðmundsdóttir verkfnisstjóri hjá Reykjavíkurborg fékk verðlaunin vegna ötuls starfs að Straumhvarfaverkefninu – nýjum búsetuúrræðum fyrir geðfatlaða í Reykjavík. Geðhjálp hefur átt gott samstarf við Jónu Rut sem hefur sýnt góðan skilnig á mannréttindum geðfatlaða og mikilvægi þess að þeir lifi sjálfstæðu lífi og njóti fullrar virðingar í samfélaginu.